

Stefndur hefir hvorki mætt nje mæta látið í málinu og er stefnan þó löglega birt honum. Verður þá eftir N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796. 2. gr. sbr. tilsk. 15. ágúst 1832. 8. gr. að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Hin umstefnda skuld stafar af úttekt skipstjórans á framangreindum vjelarbát, sem stefndur átti og gerði út, hjá stefndum vetrar- og vorvertiðina 1924 og hefir skipstjórinn vottað á hina framlögðu reikninga fyrir úttektinni, að þeir sjeu rjettir. Reikningarnir voru sýndir og greiðslu krafist á upphæðum þeirra við þriðja og síðasta nauðungaruppbod á vj./b. »Barða« $\frac{8}{10}$ 1924 og stefndur hefir viðurkennt skuldina 25. maí þ. á.

Verður því að taka kröfur stefnanda í málinu til greina að öllu öðru leyti en því, að vextirnir ákveðast 5 $\frac{0}{10}$ p. a.

Mánudaginn 16. apríl 1928.

Nr. 1/1928. **Petrína Kristin Kristjánsdóttir** (Kalman)
gegn

Ingimundi Guðmundssyni (Enginn).

Barnsfaðernismál.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 6. des. 1927: Vinni kærandi, Petrína Kristín Kristjánsdóttir, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu, innan fimtán daga frá lögbirtingu dóms þessa, eið að því, að hún hafi haft holdlegt samræði við kærðan Ingimund Guðmundsson, á tímabilinu frá 15. október til 15. nóvember f. á. skal hann teljast faðir sveinbarns þess, er kærandi ól 11. júlí þ. á. og hlaut í skírninni nafnið Ágúst. Ber honum þá að greiða mcðlag með barninu og barnsfararkostnað til barnsmóður eftir úrskurði yfirvalds, ennfremur 20 krónur í málskostnað. Vinni kærandi hinsvegar ekki svofeldan eið, skal kærður vera sýkn af öllum kröfum kærandi í máli þessu og málskostnaður falla niður.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi, sem fengið hefir gjafsókn og skipaðan málflutningsmann, hefir krafist þess fyrir hæstarjetti,

aðallega að stefndi verði dæmdur faðir sveinbarns þess, er hún ól þ. 11. júlí f. á. og að hann verði dæmdur til að greiða meðlag með því og barnsfararkostnað eftir yfirvaldsúrskurði, en til vara, að lögreglurjettardómurinn verði staðfestur, þó með breytingu á tímabili því, er eiðurinn tekur til. Svo hefir og áfrýjandi krafist málskostnaðar fyrir báðum rjettum eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi hefir eigi mætt eða látið mæta í hæstarjetti, þótt honum hafi verið löglega stefnt og hefir málið því verið rekið samkv. 1. lið 38. gr. hæstarjettarlaganna og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Eftir að dómur var kveðinn upp í hjeraði hafa báðir málsaðilar verið yfirheyrðir á ný í lögreglurjetti og hefir áfrýjandi í þeim framhaldsprófum leiðrjett fyrri framburð sinn í málinu á þá leið, að samfarirnar við stefnda, sem leiddu til getnaðar barnsins, hafi farið fram 1. október 1926 en ekki 30. eða 31. þess mánaðar, svo sem hún áður hafði sagt. Hefir hún í þessum prófum tilgreint atvik, er geri það að verkum, að hún muni það áreiðanlega, að samfarirnar hafi átt sjer stað þenna dag (1. okt.), og sömuleiðis hefir hún skýrt svo frá, að stefndi hafi komið til sín í tilgreindu húsi skömmu áður en eiðinn átti að vinna eftir lögreglurjettardóminum og sagst muna greinilega að samfarirnar hefðu farið fram þ. 1. október. Stefndi hefir í framhaldsprófum þessum kannast við það, að hann um þetta leyti hafi átt tal við áfrýjanda í húsi því, er hún hefir tilgreint og ekki treyst sjer til að mótmæla að áfrýjandi skýri rjett frá innihaldi samtalsins, en hann kveðst vera svo minnislaus, að hann alls ekkert muni hver orð hafi farið þeim á milli í þetta sinn.

Það verður nú ekki litið svo á, að stefndi hafi

með þessum framburði sínum viðurkent samfarirnar við áfrýjanda og verður því aðalkrafa áfrýjanda ekki tekin til greina. En hinsvegar eru nú framkomnar sterkar líkur fyrir því að stefndi hafi haft samfarir við áfrýjanda á þeim tíma, er hún hefir tilgreint í framhaldsprófunum og verður því að fallast á, að hjeradsdómarinn hefir látið úrslit málsins vera komin undir fyllingareiði áfrýjanda. Það ber því að staðfesta lögreglurjettardóminn, þó með þeirri breytingu, að tímabil það, er eiðurinn tekur til, ákveðst frá miðjum september til októbermánaðarloka 1926 og veitist áfrýjanda mánaðarfrestur til eiðvinningarinnar frá uppsögn dóms þessa að telja. — Ef áfrýjandi vinnur eiðinn á stefndi að greiða allan málskostnað fyrir undirjetti og hæstarjetti, eins og málið hefði eigi verið flutt þar með gjafsókn, þar með talin málflutningslaun til talsmanns áfrýjanda í hæstarjetti, er ákveðast 100 kr.

Verði áfrýjanda hinsvegar eiðfall á stefndi að vera sýkn af kröfum hennar. Fellur þá málskostnaður fyrir báðum rjettum niður og greiðist þá fyrgreint kaup talsmanns áfrýjanda af almannafje.

Því dæmist rjett vera:

Ef áfrýjandi Petrina Kristín Kristjánsdóttir innan mánaðar írá uppsögn dóms þessa, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu vinnur eið að því, að stefndi Ingimundur Guðmundsson hafi haft samfarir við sig á tímabilinu frá miðjum september til loka októbermánaðar 1926, skal stefndi teljast faðir sveinbarns þess, er áfrýjandi ól 11. júlí 1927, og vera skyldur til að greiða að sínum hluta meðlag með barninu og barnsfarar-

kostnað eftir yfirvaldsúrskurði og ennfremur allan kostnað málsins fyrir undirrjetti og hæstarjetti eins og það væri eigi gjafsóknarmál, þar á meðal málflutningslaun til talsmanns áfrýjanda í hæstarjetti, málflutningsmanns Björns P. Kalman 100 kr.

Verði áfrýjanda aftur á móti eiðfall skal stefndi vera sýkn af kröfum hennar og fellur þá málskostnaður í báðum rjettum niður og kaup talsmanns áfrýjanda, 100 kr., greiðist af almannaþje.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Hinn 11. júlí s.l. ól ógift stúlka að nafni Petrína Kristín Kristjánsdóttir, Laugaveg 28 hjer í bænum, fullburða sveinbarn, sem var skirt 27. s. m. og hlaut nafnið Ágúst. Nefndi móðirin þá föður að því Egil nokkurn Jóhannsson, fyrri barnsföður sinn. Þegar skirnin fór fram var kærandi enn þá veik eftir barnsburðinn og nokkrum dögum síðar veiktist hún af barnsfararsótt og var flutt á Landkotsspítala 2. ágúst s.l. fyrir þá sök. Gerði hún þá boð eftir presti þeim, sjera Bjarna Jónssyni, dómkirkjupresti, sem skirt hafði barnið, og bað hann að koma til viðtals við sig. Hann gerði það og skýrði hún honum þá frá, að hún hefði sagt rangt til um faðernið, kvaðst hún ekki mega til þess hugsa að deyja frá barninu og hafa ekki sagt satt um það, hver væri faðir þess. Kvað hún hinn rjetta föður vera kærðan í þessu máli, Ingmund Guðmundsson, Bókhöfundur 6 hjer í bænum og bað prestinn að innfæra hann sem föður í kirkjubækurnar og gerði hann það. Kærður hefir ekki viljað kannast við faðernið, sáttatilaun hefir reynst árangurslaus og því er mál þetta eftir kröfu kærandi höfðað gegn honum. Hefir hún gert þær kröfur, að kærður verði dæmdur faðir sveinbarnsins, til að greiða sjer meðlag með því og barnsfararkostnað eftir úrskurði yfirvalds, ennfremur málskostnað eftir mati rjettarins.

Framburður kærandi er á þá leið, að hún hafi þekt kærðan og fjölskyldu hans talsvert lengi undanfarið. Hún kveðst því nokkrum sinnum hafa komið í húsið nr. 6 við Bókhöðustig, þar sem hann býr, og kvöldið 30. eða 31. október f. á. kveðst hún hafa verið heima hjá honum og hafa haft samræði við hann í herbergi hans. Eftir það kveðst hún ekki hafa haft samræði við hann fyr en eftir jólin, og kveður hún það samræði hafa átt sjer stað í herbergi heima hjá sjer í húsinu Grettisgötu 22 D. Kveður hún barnið hljóta að vera ávöxt fyrra samræðisins, því hún hafi ekki haft holdleg mök við nokkurn annan karlmann í alt fyrra haust og allan síðastliðinn vetur. Hún kveður kærðan hafa komið til sín 23. júlí s.l. og þá sagt við sig, að vel gæti átt sjer stað að hann væri faðir barnsins, en það mætti undir engum kringumstæðum komast upp, og lofaði hann kærandi að greiða henni sængurlegukostnað og hóflega framfærslu með barninu ef hún gæfi upp annan barnsföður t. d. Egil Jóhannsson, fyrri barnsföður kærandi. Hún kveðst hafa verið mikið veik er þetta gerðist og þótt henni væri það mjög á móti skapi, ljét hún samt tilleiðast af istöðuleysi og fyrir áeggjan og gyllandi loforð kærðs, að lýsa Egil Jóhannsson barnsföður. Kærður fór svo til prestsins til að biðja hann að skira barnið, kærandi lýsti Egil föður við skirmina, eins og fyr segir, en kærður greiddi skirnarkostnaðinn.

Kærður heldur því fram að þessi framburður kærandi sje í flestum atriðum rangur. Hann hefir eindregið neitað því, að hann hafi haft samræði við kærandi. Hann kveðst hafa verið búinn að heyra það utan að sjer, en hefir þó ekki getað tilgreint sögumann, að hann væri tilnefndur faðir barnsins, og kveðst því hafa haft orð á því við kærandi, en hún þá sagt sjer að Egill væri faðir þess. Hann neitar því eindregið að hafa hvatt kærandi til að gefa Egil Jóhannsson upp sem föður. Hinsvegar játar hann að vera kunnugur kærandi og vill ekki neita því að hann kunni að hafa komið heim til hennar á Grettisgötu 22 D og hún heim til sín. Hann hefir viðurkent að hafa gefið kærandi talsvert af peningum bæði fyrir og eftir barnsburðinn, en ekki kveðst hann muna hve mikið. Hann játar einnig að hafa beðið prestinn að skira barnið og að hafa greitt skirnarkostnaðinn. Kveðst kærður hafa sjeð um skirn barnsins og gefið kærandi peningana í gustukaskyni. Ekki hefir hann getað bent á neinn karlmann, sem líkur sjeu

til að hafi verið með kærandi og haft mök við hana á getnaðartímanum.

Dómarinn verður nú að líta svo á að nokkrar líkur sjeu framkomnar fyrir því að framburður kærandi sje sannur. Liggja þau rök til þess, að kærður kveðst hafa heyrt að hann væri nefndur faðir barns kærandi og heimsækir hana til að ræða þetta við hana, án þess að hann geti nokkra grein gert fyrir því, hver hafi sagt honum þetta, hann gefur kærandi peninga, bæði fyrir barnsburðinn og eftir, hann sjer um skirn barnsins og greiðir kostnaðinn, án þess að hann hafi nokkra sennilega grein getað gert fyrir því, hvers vegna hann hafi gert það. Þar sem kærandi og kærður eru ekki sammála um málsatvikin og úrslit málsins verða að vera komin undir eiði annarshvors málsaðila, verður dómarinn samkvæmt því er að framan segir að telja það rjettara að þau verði látin vera komin undir fyllingareiði kærandi, þannig, að vinni hún eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sinu, innan fimtán daga frá lögbirtingu dóms þessa, eið að því, að hún hafi haft holdlegt samræði við kærðan, á tímabilinu 15. október til 15. nóvember f. á., skal kærður, Ingimundur Guðmundsson, teljast faðir sveinbarns þess, er kærandi ól 11. júlí þ. á. og hlaut í skirninni nafnið Ágúst. Ber honum þá að greiða meðlag með barninu og barnsfararkostnað til barnsmóður eftir úrskurði yfirvalds og kr. 20,00 í málskostnað.

Vinni kærandi hinsvegar ekki svofeldan eið, skal kærður vera sýkn af kröfu hennar í máli þessu og málskostnaður falla niður.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 20. apríl 1928.

Nr. 11/1928.

Valdstjórnin (Bjarni Þ. Johnson)
gegn

Karli Jónssyni (L. Fjeldsted).

Bifreiðalagabrot.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 23. jan. 1928: Kærður Karl Jónsson, greiði 100 kr. sekt í ríkissjóð